

## Rytmísk tónlist: fiðla-víóla-selló-blokkflauta-píanó

Tónlistarskóli Árnesinga býður upp á leiðsögn í rytmískri tónlist fyrir nemendur á strengjahljóðfæri (fiðlu, víólu og selló), blokkflautu og píanó. Námið er ætlað nemendum í *klassísku námi*, sem lokið hafa grunnprófi á sitt hljóðfæri skv. námskrá, en vilja að auki öðlast góðan grunn í rytmískri tónlist.

**Undanfari:** Grunnpróf

### Viðfangsefni:

- Mismunandi tónlistarstílar kynntir í flutningi og sögulegu samhengi: Djass, latin, blús, fönk, dægurtónlist, þjóðlagatónlist, heimstónlist.
- Grunntækni í spuna
- Hagnýt hljómfræði og tónheyrn

- - -

**Nokkur atriði varðandi rytmískt nám á fiðlu, víólu, selló, blokkflautu og píanó.**

Upphaf náms í rytmískri tónlist á blásturs og strokhljóðfæri er með nokkuð öðrum hætti en nám á önnur hljóðfæri sem fjallað er um í rytmískri námskrá. Vegna eðlis þessara hljóðfæra er ekki algengt að nemendur hefji tónlistarnám sitt í rytmískri tónlist heldur í hefðbundnu klassísku námi. Hér er því gert ráð fyrir að rytmískt nám á hefjist í miðnámi enda nauðsynlegt að nemendur hafi náð grundvallartökum á hljóðfærunum áður en rytmískt tónlistarnám hefst. Vísað er til almennra klassískra námskráa varðandi grunnnám á þau hljóðfæri sem hér um ræðir en einnig varðandi ýmis sértæk mál á öllum námsstigum sem lúta að hverju hljóðfæri fyrir sig, svo sem upphaf náms, tónmyndun, tækni og tónsvið, leikmáta og hraða tónstiga. – Hér er einnig miðað er við að rytmískt píanónám hefjist að afloknu grunnprófi. (*Byggt á Aðalnámskrá tónlistarskóla – rytmísk námskrá*)

**Hér fyrir neðan eru upplýsingar úr klassískum námskrám þessara hljóðfæra.**

(Undir hljóðfæraheitunum eru virkar krækjur - smellið á nafn hljóðfæris).

### Fiðla

### Víóla

### Selló

### Blokkflautur

### Píanó

